

Mánudaginn 8. maí 1933.

Nr. 160/1932. **Sigurgeir Guðjónsson**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Ingibjörgu Stefánsdóttur

(Bjarni P. Johnson)

og Einari Ólafi Einarssyni

(Garðar Þorsteinsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur einkalögregluréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 10. marz 1931: Vinni stúlkan Ingibjörg Stefánsdóttir, nú til heimilis á Bústöðum í Reykjavík, eið að því á varnarþingi sínu, eftir löglegan undirbúning, að Sigurgeir Guðjónsson vinnumaður, til heimilis á Hliði í Grindavík í Gullbringusýslu, sé eða geti verið faðir að barni hennar, er hún ól 8. marz 1929, og í skirninni hlaut nafnið Fjóla, og enginn annar, ber að telja velnefndan mann föður að því, og hann skyldan til að greiða meðlag með barni þessu samkvæmt yfirvaldsúrskurði, og greiði þá barnsfaðir allan af málinu löglega leiðandi kostnað, eins og það eigi væri gjafsóknarmál, þar á meðal þóknun til skipaðs talsmanns barnsmóður, lögfræðings Magnúsar Thorlacius í Reykjavík, er ákveðst 40 krónur. — Eiðsfrestur telst 1 mánuður frá lögbirtingu dóms þessa, svo er og um fullnæging dómsins að öðru leyti.

Treystist kærandi eigi til að vinna eið þennan, skal kærður vera sýkn af kærum hennar og kröfum í máli þessu.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, Sigurgeir Guðjónsson, hefir tvímæla-laust kannast við það, að hann hafi haft samfarir við stefndu, Ingibjörgu Stefánsdóttur, í júnímánuði 1928. Vörn sú er hann kveðst hafa haft til að afstýra barnsgetnaði og í hinum áfrýjaða dómi greinir, verður ekki talin nægileg til að firra hann ábyrgð vegna téðra samfara. Aðalkrafa hans

um sýknu, ef hann vinni eið að því, að hann hafi viðhaft umrædda vörn, verður því ekki tekin til greina.

Meðstefndur, Einar Ólafur Einarsson, hefir ekki treyst sér til að neita því, að hann kunni einnig að hafa haft samfarir við stefndu, Ingibjörgu Stefánsdóttur, í júnimánuði 1928, eins og hún hefir eindregið haldið fram. Því verður stefndur, Einar Ólafur,, hvorki sýknaður né honum veittur kostur á að synja með eiði fyrir samfarir við Ingibjörgu á því tímabili, sem barn hennar er undirkomíð á, eins og hann hefir krafizt.

Samkvæmt þessu, verður í samræmi við varakröfu áfrýjanda, að dæma áfrýjanda og stefnda, Einar Ólaf, samkvæmt 19. gr. laga nr. 46/1921, til þess að greiða in solidum meðlag eftir úrskurði yfirvalds með barni stefndu Ingibjargar, Fjólu, sem fæddist 8. marz 1929, til fullnaðs 16 ára aldurs.

Stefnda, Ingibjörg, hefir ekki áfrýjað héraðsdóminum í máli þessu, og verður því ekki ákveðið hér um greiðslu til hennar samkvæmt 29. gr. áðurnefndra laga.

Stefnda, Ingibjörg, hefir fengið gjafsókn í héraði og gjafvörn fyrir hæstarétti. Ákvæði héraðsdómsins um þóknun skipaðs talsmanns hennar þar þykir mega staðfesta. Málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar fyrir hæstarétti, 50 krónur, greiðist af ríkissjóði, en að öðru leyti þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Sigurgeir Guðjónsson, og meðstefndi, Einar Ólafur Einarsson, greiði in

solidum eftir úrskurði yfirvalds meðlag með barni stefndu, Ingibjargar Stefánsdóttur, Fjólu, sem fæddist 8 marz 1929, til fullnaðs 16 ára aldurs. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um þóknun skipaðs talsmanns stefndu, Ingibjargar, í héraði eiga að vera óröskuð. Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu, Ingibjargar, fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Bjarna Þ. Johnson, 50 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Að öðu leyti falli málskostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Hinn 8. marzmánaðar 1929 ól kærandi þessa máls, stúlkan Ingibjörg Stefánsdóttir, meybarn, er í skirninni hlaut nafnið Fjóla, og hefir hún lýst föður að barni þessu Sigurgeir Guðjónsson, vinnumann, til heimilis á Hliði í Grindavík, sem að visu hefir kannazt við að hafa haft holdlegt samræði við kæranda í júnimánaðarbyrjun 1928 á þeim stað, er barnsmóðir tilgreinir og um það leyti, eða 7. s. m. en þar sem hann í umrætt skipti hafi notað við samræðið getnaðarverju, sem hann hafi sýnt barnsmóður eftir samræðið, og að hún væri heil. synjar hann fyrir að vera faðir barns þessa, eða heldur því fram, að samræði þetta eigi hafi getað orðið þess valdandi, að stúlka þessi yrði vanfær, en þar áður hafi hann ekki haft holdlegar samfarir við barnsmóður, nema í byrjun febrúar það ár, og svo þar áður, en oftast nær með verju, þar honum hafi verið kunnugt um að stúlka þessi væri talin breytk vera þar í Grindavík, og hefir kærður undir rekstri málsins tilgreint 3 aðra menn, er að líkindum gætu verið einhver þeirra, feður að barni þessu, en 2 þeirra hafa fyrir rétti eindregið neitað, að hafa nokkurntíma haft holdleg mök við kæranda, og einn þeirra, unglingspiltur, Ólafur Einar Einarsson í Garðhúsum í Grindavík, kveðst eigi muna eftir því, að hann í júní-

mánuði 1928 hafi átt holdlegt samræði við barnsmóður, en þar á móti um páskaeytið s. á. — Barnsmóðir hefir að því er pilt þennan áhrærir, skýrt frá því fyrir rétti, að hann 21. júní 1928 hafi haft samræði við hana á tilgreindum stað, en þá segist hún hafa verið orðin fullviss um að hún væri barnshafandi orðin, eða vitað að svo væri — merkt það á því, að hún hefði haft flökurleik, og einnig verið máttlaus að morgni til, og hafi hún verið búin að vera með þessa tilkenningu um viku tíma áður en samræðið við umgetinn pilt átti sér stað, og einnig fundið til leiðinda í kroppnum, sem hún ekki hafi getað hugsað sér að stafaði af öðru en því, að hún væri barnshafandi orðin.

Krefst kærandi þess, að kærður verði dæmdur faðir að fyr umgetnu barni hennar, og til að greiða meðlag með því samkvæmt úrskurði yfirvalds, lögum samkvæmt, en kærður krefst sýknunar af fyrgreindri ástæðu, eða til vara, að hann verði algerlega sýknaður af kærnum og kröfum kæranda, vinni hann eið að því, að hann við holdlegar samfarir við kærandi í umrætt skipti, hafi haft eða notað verju, sem hefir verið heil og ósködduð eftir samfarir þessar.

Kærandi kveðst ekkert muna eftir því, að kærður í margumrætt skipti, eða yfir höfuð nokkurntíma við samfarir, hafi sýnt henni getnaðarverju, né heldur umgetinn piltur. — En enda þótt svo hafi verið, og umrædd verja sjáanlega heil og ósködduð, að þeirra álit, er eigi þar með nein ábyggileg vissa fengin fyrir öryggi að því er útilokun getnaðarmöguleika snertir, enda og eindregin sannfæring barnsmóður um það, að kærður og enginn annar geti verið faðir að umgetnu barni hennar, byggð á heilsuástandi hennar áður en hún hafði samræði við piltinn, Ólaf Einarsson, er styðst við vottorð læknis, um að hún geti hafa verið orðin vanfær, og þykir því rétt vera, að úrslit máls þessa, með hliðsjón af ákvæðum 15. gr. laga nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, sé undir því komin, hvort barnsmóðir eða kærandi þessa máls, staðfesti þann framburð sinn, að kærður sé faðir að barni hennar eða eigi.